

**Höfundur:** Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar

## Vandinn við verðkannanir á matvælum

Mikil eftirvænting ríkir um hversu mikið matarverð muni lækka í kjölfar þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin hefur boðað um næstu mánaðarmót. Búið er að virkja Samkeppniseftirlitið, Neytendastofu, Talsmann neytenda, Neytendasamtökin, ASÍ og allur almenningur er auk þess hvattur til að halda vöku sinni og fylgjast með því hvort matvælaverð lækki eins og að er stefnt. Aðhaldsaðgerðirnar beinast að því að fylgjast með hvert útsöluverð varanna er, en ekki hvað veldur breytingum sem verða á matvælunum. Ætla má að hverjar svo sem verðbreytingarnar verða eftir 1. mars verði alltaf tilefni til gagnrýni og deilna um að hve miklu leyti aðgerðirnar skili sér til neytenda.



### Hversu mikið lækkar verðið 1. mars?

Eitt fyrrsjáanlegt ágreiningsefni verður um hverjar verðbreytingarnar eiga að vera. Verður lækkunin 14 – 16% eins og ríkisstjórnin hefur boðað með yfirlýsingu frá 9. október síðastliðinn? Mun lækkunin aðeins nema um 8,7% eins og Hagstofan hefur áætlað? Eða verður hún nálægt 10% eins og ýmsir hagsmunaaðilar atvinnulífsins hafa talið? Aðalmunurinn á þessum útreikningum felst í því hvort tollabreytingar muni hafa einhver áhrif og hversu mikil þau verða. Allir hafa samt haft til hliðsjónar skýrslu formanns matvælaverðsnefndar sem var birt síðastliðið sumar.

Annað mál sem má vænta að verði álitamál varðar verðsamanburð við Norðurlönd og Evrópu. Þess er skemmst að minnst að forsíðugreinar dagblaðanna sögðu frá því að verð á matvælum hér á landi væri 62% hærra en að meðaltali í 15 Evrópusambandsríkjum. Fljótlega kom þó í ljós að vegna gengisskráningar á umræddum tíma hefði þessi verðmunur verið tugum prósentna lægri ef miðað hefði verið við skráð gengi krónunnar gagnvart evru nokkrum dögum síðar. Þannig geta niðurstöður verðsamanburðar við önnur lönd verið tilviljanakennd eftir því hvaða skráningardag gengis er miðað.

Algennt er að stjórnendur verslana kvarti undan því að þeir sem framkvæmi verðkannanir séu að bera saman epli og appelsínur í þeim skilningi að mismunandi vörumerki séu borin saman. Þeim þykir ekki sanngjarnt að leggja að jöfnu einingaverð á dýrum sælkeramat og ódýrri fjöldaframleiðslu, þó um sömu matartegund sé að ræða.

Þá er oft hætta á að ekki komi fram lægsta verðið í verðkönnunum þegar eingöngu er borið saman verð á sambærilegum vörumerkjum. Sumar verslanir geta t.d. haldið niðri vöruverði með því að selja vörur með eigin vörumerki eða merki tiltekins innkaupasambands. Þessar ódýru sérmerktu vörur eru því stundum útundan í

verðsamanburði vegna þess að aðrar verslanir hafa þær ekki til sölu og eru því ekki gjaldgengar í verðsamanburði.

Fjölmarga aðra þætti mætti nefna um vanda við verðsamanburð. Má þar nefna eftirtalið:

- Verndartollar og ýmis gjaldtaka eins og vörugjöld og virðisaukaskattur getur haft áhrif á endanleg vöruverð sem ekki kemur fram í samanburðarkönnunum.
- Mismunandi þjónustustig verslana allt frá lávöruverslunum til sérverslana með háu þjónustustigi hefur eðlilega áhrif á verðið.
- Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður er mismunandi milli svæða og getur haft áhrif á vöruverð.
- Flutningskostnaður til landsins og um landið getur haft áhrif í vöruverð.
- Íslensk verslunarfyirtæki eru oft í erfiðri stöðu hvað varðar hagkvæm magninnkaup vegna lítills markaðar.
- Sumir erlendir framleiðendur skipta markaðnum í svæði og setja mismunandi verðmiða á vöru sína eftir kaupgetu almennings í hverju landi fyrir sig.

Með þessum dæmum er ekki verið að draga úr mikilvægi verðkannana. Þvert á móti eru þær mjög mikilvægar, ekki síst til að viðhalda eðlilegri samkeppni í verslun. Hins vegar sanna þessi dæmi mikilvægi þess að hafa í huga að verðkannanir og verðsamanburður getur aldrei gert annað en í mesta lagi að gefa vísbendingu um hvort álagning er óeðlilega mikil í einni verslun miðað við aðra. Fjölmargar ástæður geta legið að baki eins og þær sem nefndar hafa verið. En allt of algengt er að skella skuldinni á síðasta tengiliðinn í keðjunni, verslunina. Kannski eimir enn eftir af fortíðarviðhorfi til danskra kaupmanna á einokunartímanum hér á landi.

#### Tollalækkun á grænmeti skilaði sér

Skemmst er að minnast umræðu sem var hér á landi um álagningu á matvæli árið 2001 og 2002 og tengdist háu verði á grænmeti og var græn paprika oft nefnd í því sambandi. Stjórnvöld ákváðu árið 2002 að verða við háværum kröfum um lækkun og niðurfellingu á kaupmenn myndu nota tækifærið að selja vöruna á sama verði og áður og stinga tollum á grænmeti og breyta stuðningsaðgerðum til innlendra grænmetisframleiðenda í beingreiðslur. Þá voru uppi raddir um að lækkunin myndi ekki skila sér til neytenda því mismuninum í eigin vasa. Þessar hrakspár gengu ekki eftir eins og ljóst er orðið.



Heimild: Hagstofa Ísland

Eins og kemur fram í meðfylgjandi mynd um samanburð á þróun vísitölu neysluverðs og verðlags á mat og drykkjarvöru kemur glögg í ljós að verðlag á matvöru lækkaði töluvert árið 2002 þegar tollar á grænmeti voru afnumdir. Á meðan vísitala neysluverðs hækkaði um næstum 4% á tímabilinu frá janúar 2002 til janúar 2004, þá lækkaði vísitala matar og drykkjarvöru um 4,4% á sama tímabili. Ætla má að tollalækkun á grænmeti hafi valdið þessari lækkun matarverðs. Þessa niðurstöðu má einnig finna í skýrslu Hagstofustjóra sem var formaður matvælanefndar sem birt var síðasta sumar. Þar segir að áhrif niðurfellingar á tollum á grænmeti hafi leitt til lækkunar á ávöxtum og í kjölfarið hafi neysla grænmetis aukist. Þetta dæmi ætti að gefa vísbendingu um að allar líkur eru á að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur boðað til lækkunar á matarverði muni skila sér til neytenda en lendi ekki í vasa kaupmanna.

#### Líkt ástand og við upptöku evru

Sú mikla hreyfing sem stjórnmöld reyna nú að virkja til verðeftirlits minnir um margt á þá tíma sem evra var tekin upp sem gjaldmiðill í 13 Evrópuríkjum árið 2002. Í undirbúningsferlinu fór á kreik sá orðrómur að verslunin myndi nota tækifærið og hækka álagningu á vörum sínum í trausti þess að almenningur skynjaði ekki verðhækkunar þegar tekin yrði upp ný mynteining. Verðsamanburður var eflur og miklar vangaveltur urðu í framhaldinu um verðlagsmál. Ýmsir samverkandi þættir gerðu það að verkum að verð á matvælum fór lækkandi, þó það hafi ekki eingöngu verið vegna upptöku evrunnar. Verðsamanburður varð auðveldari vegna sameiginlegrar gengisskráningar á öllu Evrusvæðinu. Hins vegar þótti t.d. Finnum ósanngarnt að bera saman evruverð á tilteknum matvælum í Grikklandi og í Finnlandi, þar sem allur tilkostnaður var mun lægri í Grikklandi.

#### Innkoma ofur-lágvöruverslana

Framlegð íslenskra matvöruverslana hefur verið lág undanfarin ár og samkvæmt rannsókn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá 2004 er álagning íslenskra dagvöruverslana álíka mikil eða heldur lægri en í Bretlandi. Þetta er mikilvægt að hafa í huga því fáar atvinnugreinar eru í jafn mikilli alþjóðlegri samkeppni og smásöluverslun.

Engin vafi er á því að svokallaðar ofur-lágvörverslanir á borð við Lidl og Aldi sem hafa verið að hasla sér völl á hinum Norðurlöndunum fylgjast vel með því sem gerist hér á landi og verða fljótar að koma sér fyrir hér á markaðnum ef þeir sjá sér hag í því.

Að því er fram kom hjá Thomas Svaton, framkvæmdastjóra Samtaka sænskra dagvörverslana, á nýlegum fundi SVÞ-Samtaka verslunar og þjónustu væri líklegt að þessar ofur-lágvörverslanir myndu hasla sér völl hér á landi ef dregið yrði úr gjaldtöku og verndartollum sem ríkjandi eru hér á landi. Því er spurning hvort gera má ráð fyrir komu þessara verslana hingað til lands eftir 1. mars næstkomandi? Ef það verður má gera ráð fyrir að verðkannanir á matvælum taki nýjan kipp og verði vinsælli en nokkru sinni fyrir.